

REGLUGERÐ

um (12.) breytingu á reglugerð nr. 835/2010 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fóðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. kafla I. viðauka og XII. kafla II. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirtalin ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/941 frá 2. júlí 2018 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 669/2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fóðri og matvælum sem eru ekki úr dýraríkinu og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 885/2014.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/941 er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna matvælaeftirlits sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna fóðureftirlits sé framfylgt í samræmi við lög nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli eða 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli og 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. september 2018.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn Guðjónsdóttir.

Fylgiskjal.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/941**

frá 2. júlí 2018

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 669/2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukid, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fódri og matvællum sem eru ekki úr dýrarikinu og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 885/2014

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fódur og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 15. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽²⁾, einkum ii. lið b-liðar 1. mgr. 53. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- (1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 ⁽³⁾ er mælt fyrir um reglur varðandi aukid opinbert eftirlit með innflutningi á fódri og matvællum, sem eru ekki úr dýrarikinu og eru skráð í I. viðauka við reglugerðina (hér á eftir nefnd skráin), á tilnefndum komustöðum á yfirráðasvæðunum sem um getur í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004.
- (2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 669/2009, þegar vörusendingar koma sjóleiðis inn í Sambandið og er umhlaðið yfir í annað skip til flutnings til hafnar í öðru aðildarríki (umfermdar vörusendingar), er tilnefndur komustaður síðari höfnin. Í þágu skilvirkrar skipulagningar á opinberu eftirliti við landamæri Sambandsins, ásamt því að tryggja hátt verndarstig fyrir heilbrigði manna, dýra og plantna, ætti sama reglan að gilda um sendingar, sem koma lofleiðis inn í Sambandið frá þriðja landi, sem eru umfermdar til áframhaldandi ferðar á annan flugvöll í Sambandinu. Í þeim tilvikum ætti tilnefndur komustaður að vera síðarnefndi flugvöllurinn. Af sömu ástæðum ætti þessi regla einnig að gilda þegar sendingar eru umfermdar til áframhaldandi ferðar í sama aðildarríkinu. Breyta ætti iðorðanotkun í tengslum við umfermdar vörusendingar úr „áframhaldandi flutningur“ í „áframhaldandi ferð“ til að endurspeglja þau sérstöku skilyrði er varða umfermdar sendingar samanborið við sendingar sem heimilt er að flytja áfram meðan beðið er eftir niðurstöðum úr eftirliti með ástandi. Því er rétt að breyta reglugerð (EB) nr. 669/2009 til samræmis við það.
- (3) Í reglugerð (EB) 882/2004 er þess krafist að lögbær yfirvöld tilkynni framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um höfnun við landamæri. Að því er varðar varnarefni er rétt að skýra nánar að þegar lögbær yfirvöld hafna sendingu af fódri og matvællum, sem skráð eru í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009, ætti að senda slíkar tilkynningar ef ekki hefur verið farið að ákvæðum um hámarksgildi leifa, sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ⁽⁴⁾, óháð því hvort farið hafi verið yfir viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.
- (4) Í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 669/2009 er kveðið á um að skráin í I. viðauka við þá reglugerð skuli endurskoðuð með reglulegu millibili og a.m.k. tvisvar á ári, með tilliti til þeirra upplýsinga sem um getur í þeirri grein.
- (5) Tíðni og mikilvægi nýlegra matvælaatvika, sem eru tilkynnt í gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fódur, niðurstöður úttekta í þriðju löndum á vegum skrifstofu heilbrigðismála og úttekta og greininga á matvællum hjá stjórnsviði framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar heilbrigði og matvælaöryggi sem og skýrslur tvisvar á ári um vörusendingar af fódri og matvællum, sem eru ekki úr dýrarikinu, sem aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 669/2009, benda til þess að breyta ætti skránni.
- (6) Að því er varðar sendingar af goðaberjum frá Kína og næpum, sem eru unnar eða rotvarðar með ediki eða ediksyru („súrsaðar næpur“), frá Líbanon og Sírlandi gefa fyrrnefndar upplýsingar einkum til kynna tilkomu nýrrar áhættu fyrir heilbrigði manna sem krefst þess að opinbert eftirlit sé aukid. Því ætti að bæta við færslum varðandi þessar sendingar í skrána.
- (7) Skránni ætti einkum að breyta með því að fella brott færslur fyrir vörur sem teljast samkvæmt fyrirliðgjandi upplýsingum, þegar á heildina er litið, uppfylla videigandi öryggiskröfur, sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins, á fullnægjandi hátt og af þessum sökum er aukid opinbert eftirlit með þeim ekki lengur réttlæt看legt. Því ætti að fella brott færslurnar í skránni varðandi *Brassica oleracea* frá Kína, jarðarber frá Egyptalandi, þurrkaðar þrúgur frá Íran, ertur með fræbelg frá Kenya, spergilbaunir frá Tailandi og eggaldin og beiskjutómata frá Úganda.
- (8) Að auki ætti að breyta skránni með því að draga úr tíðni sannprófunar auðkenna og eftirliti með ástandi vara sem teljast samkvæmt videigandi upplýsingum, þegar á heildina er litið, uppfylla betur videigandi kröfur sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins og af þessum sökum er núverandi tíðni slíks eftirlits með þeim ekki lengur réttlæt看legt. Því ætti að breyta færslunum í skránni varðandi ananas frá Benín og sítrónur og granatepli frá Tyrklandi til samræmis við það.
- (9) Breyta ætti gildissviði tiltekinnar færslu í skránni þannig að þær nái yfir önnur afbrigði viðkomandi vöru en þau sem eru skráð eins og er, ef þessi önnur afbrigði hafa sömu áhættu í för með sér. Því er rétt að breyta þeim færslum sem fyrir eru varðandi okru frá Víetnam þannig að þær nái yfir frosna okru.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 frá 24. júlí 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukid, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fódri og matvællum, sem eru ekki úr dýrarikinu, og um breytingu á ákvörðun 2006/504/EB (Stjtið. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 11).⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvællum og fódri úr plöntu- og dýrarikinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

- (10) Til að vernda heilbrigði manna í Sambandinu er kveðið á um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 885/2014 ⁽⁵⁾ að einungis megi flytja sendingar af okru (matvæli, fersk og frosin) frá Indlandi inn til Sambandsins ef þeim fylgir heilbrigðisvottorð, þar sem staðfest er að sýnataka og greining á vörunum hafi farið fram til að athuga hvort í þeim finnist varnarefnaleifar, og niðurstöður úr sýnatöku og greiningu, sem framkvæmdar eru af hálfu lögbærra yfirvalda í þriðja landinu, til að ganga úr skugga um að farið sé að löggjöf Sambandsins um hámarksgildi varnarefnaleifa. Með reglugerð (ESB) nr. 885/2014 er einnig aukin tíðni opinbers eftirlits með innflutningi á okru frá Indlandi við landamæri Sambandsins. Niðurstöður þessa eftirlits sýna fram á fækkun tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa, sem fastsett voru í reglugerð (EB) nr. 396/2005 fyrir þessa vöru, sem færir sönnur á að áhætta í tengslum við innflutning hennar hafi minnkað umtalsvert. Því er rétt að okra frá Indlandi sé ekki lengur háð sérstöku innflutningsskilyrðunum sem sett eru fram í reglugerð (ESB) nr. 885/2014. Halda ætti auknu opinberu eftirliti á landamærum Sambandsins áfram eftir að sýnatöku, prófun og vottun fyrir útflutning, sem krafist er með reglugerð (ESB) nr. 885/2014, hefur verið hætt að því er varðar þessa vöru. Breyta ætti reglugerð (EB) nr. 885/2014 og I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 til samræmis við það.
- (11) Í núverandi færslum varðandi te frá Kína í skránni í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 er þess krafist að lögbær yfirvöld prófi þessa vöru með tilliti til trífúlralíns. Hins vegar hafa aðildarríkin ekki tilkynnt um að þetta varnarefni hafi greinst í þessari vöru og engar tilkynningar, sem skipta máli, hafa borist hraðviðvörðunarkerfinu fyrir matvæli og fóður sem sett er fram í samræmi við reglugerð (EB) nr. 178/2002. Á sama tíma hefur verið tilkynnt um að tolfenpýrað hafi oft greinst í tei frá Kína. Líkt og trífúlralín er þetta varnarefni ekki skráð í varnaráætluninni, sem um getur í 2. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, og af þeim sökum er ekki krafist prófunar fyrir þessu varnarefni með reglugerð (EB) nr. 669/2009. Því er rétt að breyta þeim færslum sem fyrir eru varðandi te frá Kína í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 til að fella brott vísunina í trífúlralín og gera þá kröfu að lögbær yfirvöld prófi þessa vöru með tilliti til tolfenpýraðs.
- (12) Sérstakir eiginleikar pökkunar á „Apríkósum, unnum eða rotvörðum á annan hátt“ (apríkósumauk) (SN-númer 2008 50 61), sem skráðar eru í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009, í tunnur, að viðhafðri smitgát, eru þannig að framkvæmd sýnatöku á tilnefndum komustað gæti haft í för með sér alvarlega áhættu fyrir öryggi matvælna eða unnið óviðunandi tjón á vörinni. Því er rétt að breyta þeim færslum sem fyrir eru varðandi „Apríkósur, unnar eða rotvarðar á annan hátt“ (apríkósumauk) í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 til að kveða á um að lögbær yfirvöld á ákvörðunarstað, sem gefinn er upp í samræmda innflutnings-skjalinu, geti annast sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi sendinga af slíkum vörum, á athafnasæði stjórnanda matvæla-fyrirtækis ef við á, þegar skilyrðin sem um getur í 2. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar eru uppfyllt.
- (13) Til að tryggja samræmi og gagnsæi þykir rétt að í stað I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 komi textinn sem er settur fram í viðaukanum við þessa reglugerð.
- (14) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 669/2009 og reglugerð (ESB) nr. 885/2014 til samræmis við það.
- (15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009

1. Reglugerð (EB) nr. 669/2009 er breytt sem hér segir:
- a) Í stað síðasta málsliðar í b-lið 3. gr. komi eftirfarandi:
- „þegar vörusendingar koma sjöleiðis eða loftleiðis inn í Sambandið frá þriðja landi og er umhlaðið yfir í annað skip eða loftfar í sömu höfn eða á sama flugvelli til áframhaldandi ferðar til annarrar hafnar eða annars flugvallar á einu af yfirráðasvæðunum, sem um getur í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004, skal tilnefndur komustaður vera síðari höfnin eða flugvöllurinn“.
- b) Í stað 13. gr. komi eftirfarandi:

„13. gr.“

Ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum

1. Ef opinbert eftirlit leiðir í ljós að ekki hefur verið farið að tilskildum ákvæðum skal sá embættismaður lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á slíku fylla út III. hluta samræmda innflutningsskjalsins og gripið skal til aðgerða í samræmi við 19., 20. og 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.
2. Ef lögbært yfirvald á tilnefndum komustað heimilar ekki aðflutning sendingar af matvælum og fóðri, sem skráð eru í I. viðauka, vegna þess að ekki er farið að tilskildum ákvæðum um hámarksgildi leifa sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 396/2005, skal það þegar í stað tilkynna um slíka höfnun við landamæri í samræmi við 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004“.
- c) Í stað I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 komi texti I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 885/2014

1. Í stað 1. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:
- „1. Þessi reglugerð gildir um sendingar af matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, sem eru skráð í I. viðauka.“
2. Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 885/2014 er breytt eins og fram kemur í II. viðauka við þessa reglugerð.

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 885/2014 frá 13. ágúst 2014 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á okru og karrilaufi frá Indlandi og um niðurfellingu framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 91/2013 (Stjóð. ESB L 242, 14.8.2014, bls. 20).

Nr. 812

4. september 2018

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel,

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.
Jean-Claude Juncker*

I. VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

Fóður og matvæli sem eru ekki úr dýrarákinu og falla undir aukið opinbert eftirlit á tilnefndum komustað

Fóður og matvæli (fyrirhuguð notkun)	SN-númer (1)	TARIC- undirskipting	Upprunaland	Hætta	Tíðni eftirlits með ástandi og sannpróf- unar auðkenna (%)
Ananas (<i>Matvæli - fersk eða kæld</i>)	0804 30 00		Benín (BJ)	Varnarefnaleifar (2) (3)	10
– Jarðhnetur, í skurn – Jarðhnetur, skurnlausar – Hnetusmjör – Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt	– 1202 41 00 – 1202 42 00 – 2008 11 10 – 2008 11 91; 2008 11 96; 2008 11 98		Bólívia (BO)	Aflatoxín	50
(<i>Fóður og matvæli</i>)					
Goðaber (úlfaber) (<i>Lycium barbarum</i> L.) (<i>Matvæli - fersk, kæld eða þurrkuð</i>)	úr 0813 40 95; úr 0810 90 75	10 10	Kína (CN)	Varnarefnaleifar (2) (4)	10
Te, einnig bragðbætt (<i>Matvæli</i>)	0902		Kína (CN)	Varnarefnaleifar (2) (5)	10
– Paprika (<i>Capsicum annuum</i>) – Paprikur (aðrar en sætar) (<i>Capsicum</i> spp.) – Spergilbaunir (<i>Vigna unguiculata</i> spp. <i>sesquipedalis</i> , <i>vigna unguiculata</i> spp. <i>unguiculata</i>) (<i>Matvæli - fersk, kæld eða fryst</i>)	– 0709 60 10; 0710 80 51 – úr 0709 60 99; úr 0710 80 59 – úr 0708 20 00; úr 0710 22 00	20 20 10 10	Dóminíska lýðveldið (DO)	Varnarefnaleifar (2) (6)	20
– Paprika (<i>Capsicum annuum</i>) – Paprikur (aðrar en sætar) (<i>Capsicum</i> spp.) (<i>Matvæli - fersk, kæld eða fryst</i>)	– 0709 60 10; 0710 80 51 – úr 0709 60 99; úr 0710 80 59	20 20	Egyptaland (EG)	Varnarefnaleifar (2) (7)	10
– Heslihnetur, í skurn – Heslihnetur, skurnlausar (<i>Matvæli</i>)	– 0802 21 00 – 0802 22 00		Georgia (GE)	Aflatoxín	20
Pálmaolía (<i>Matvæli</i>)	1511 10 90; 1511 90 11; úr 1511 90 19; 1511 90 99	90	Gana (GH)	Súdan-litarefni (8)	50
– Jarðhnetur, í skurn – Jarðhnetur, skurnlausar – Hnetusmjör – Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt (<i>Fóður og matvæli</i>)	– 1202 41 00 – 1202 42 00 – 2008 11 10 – 2008 11 91; 2008 11 96; 2008 11 98		Gambía (GM)	Aflatoxín	50
Okra (<i>Matvæli - fersk, kæld eða fryst</i>)	úr 0709 99 90; úr 0710 80 95	20 30	Indland (IN)	Varnarefnaleifar (2) (9)	10
Paprikur (aðrar en sætar) (<i>Capsicum</i> spp.) (<i>Matvæli - fersk, kæld eða fryst</i>)	úr 0709 60 99; úr 0710 80 59	20 20	Indland (IN)	Varnarefnaleifar (2) (10)	10
Súpuselleri (<i>Apium graveolens</i>) (<i>Matvæli - ferskar eða kældar kryddjurtir</i>)	úr 0709 40 00	20	Kambódía (KH)	Varnarefnaleifar (2) (11)	50
Spergilbaunir (<i>Vigna unguiculata</i> spp. <i>sesquipedalis</i> , <i>vigna unguiculata</i> spp. <i>unguiculata</i>) (<i>Matvæli - ferskt, kælt eða frosið grænmeti</i>)	úr 0708 20 00; úr 0710 22 00	10 10	Kambódía (KH)	Varnarefnaleifar (2) (12)	50

Fóður og matvæli (fyrirhuguð notkun)	SN-númer (1)	TARIC- undirskipting	Upprunaland	Hætta	Tiðni eftirlits með ástandi og sannpróf- unar auðkenna (%)
Næpur (<i>Brassica rapa</i> spp. <i>Rapa</i>) (<i>Matvæli – unnin eða rotvarin með ediki eða ediksýru</i>)	úr 2001 90 97	11, 19	Líbanon (LB)	Ródamín B	50
Paprikur (sætar eða aðrar en sætar) (<i>Capsicum</i> spp.) (<i>Matvæli – þurrkuð, ristuoð, möluð eða mulin</i>)	úr 2008 99 99; 0904 21 10; úr 0904 21 90; úr 0904 22 00	79 20 11, 19	Srí Lanka (LK)	Aflatoxín	20
– Jarðhnetur, í skurn – Jarðhnetur, skurnlausar – Hnetusmjör – Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt (<i>Fóður og matvæli</i>)	– 1202 41 00 – 1202 42 00 – 2008 11 10 – 2008 11 91; 2008 11 96; 2008 11 98		Madagaskar (MG)	Aflatoxín	50
Sesamfræ (<i>Matvæli – fersk eða kæld</i>)	1207 40 90		Nígíría (NG)	Salmonella (13)	50
Paprikur (aðrar en sætar) (<i>Capsicum</i> spp.) (<i>Matvæli – fersk, kæld eða fryst</i>)	úr 0709 60 99; úr 0710 80 59	20 20	Pakistan (PK)	Varnarefnaleifar (2)	10
Hindber (<i>Matvæli – fryst</i>)	0811 20 31; úr 0811 20 11; úr 0811 20 19	10 10	Serbía (RS)	Nóróveira	10
– Jarðhnetur, í skurn – Jarðhnetur, skurnlausar – Hnetusmjör – Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt (<i>Fóður og matvæli</i>)	– 1202 41 00 – 1202 42 00 – 2008 11 10 – 2008 11 91; 2008 11 96; 2008 11 98		Súdan (SD)	Aflatoxín	50
Sesamfræ (<i>Matvæli – fersk eða kæld</i>)	1207 40 90		Súdan (SD)	Salmonella (13)	50
Vatnsmelónufræ (<i>Egusi, Citrullus</i> spp.) og afleiddar afurðir (<i>Matvæli</i>)	úr 1207 70 00; úr 1106 30 90; úr 2008 99 99	10 30 50	Sierra Leóne (SL)	Aflatoxín	50
– Jarðhnetur, í skurn – Jarðhnetur, skurnlausar – Hnetusmjör – Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt (<i>Fóður og matvæli</i>)	– 1202 41 00 – 1202 42 00 – 2008 11 10 – 2008 11 91; 2008 11 96; 2008 11 98		Senegal (SN)	Aflatoxín	50
Næpur (<i>Brassica rapa</i> spp. <i>Rapa</i>) (<i>Matvæli – unnin eða rotvarin með ediki eða ediksýru</i>)	úr 2001 90 97	11, 19	Sýrland (SY)	Ródamín B	50
Paprikur (aðrar en sætar) (<i>Capsicum</i> spp.) (<i>Matvæli – fersk, kæld eða fryst</i>)	úr 0709 60 99; úr 0710 80 59	20 20	Tailand (TH)	Varnarefnaleifar (2) (14)	10
– Þurrkaðar aprikósar – Aprikósar, unnar eða rotvarðar á annan hátt (15) (<i>Matvæli</i>)	– 0813 10 00 – 2008 50 61		Tyrkland (TR)	Súlfít (16)	20
Þurrkaðar þrúgur (þ.m.t. þurrkaðar þrúgur sem eru skornar niður eða maukaðar, án frekari meðhöndlunar) (<i>Matvæli</i>)	0806 20		Tyrkland (TR)	Okratoxín A	5
Sitrónur (<i>Citrus limon, Citrus limonum</i>) (<i>Matvæli – fersk, kæld eða þurrkuð</i>)	0805 50 10		Tyrkland (TR)	Varnarefnaleifar (2)	10
Granatepli (<i>Matvæli – fersk eða kæld</i>)	úr 0810 90 75	30	Tyrkland (TR)	Varnarefnaleifar (2) (17)	10
Paprika (<i>Capsicum annum</i>) (<i>Matvæli – fersk, kæld eða fryst</i>)	0709 60 10; 0710 80 51		Tyrkland (TR)	Varnarefnaleifar (2) (18)	10
Vínviðarlauf (<i>Matvæli</i>)	úr 2008 99 99	11, 19	Tyrkland (TR)	Varnarefnaleifar (2) (19)	50

Fóður og matvæli (fyrirhuguð notkun)	SN-númer ⁽¹⁾	TARIC- undirskipting	Upprunaland	Hætta	Tiðni eftirlits með ástandi og sannprófunar auðkenna (%)
Sesamfræ <i>(Matvæli - fersk eða kæld)</i>	1207 40 90		Úganda (UG)	Salmonella ⁽¹³⁾	50
- Pistasíuhnetur, í skum - Pistasíuhnetur, skumlausar - Pistasíuhnetur, ristaðar <i>(Matvæli)</i>	- 0802 51 00 - 0802 52 00 - úr 2008 19 13; úr 2008 19 93	20 20	Bandaríkin (US)	Aflatoxín	10
- Þurrkaðar aprikósar - Aprikósar, unnar eða rotvarðar á annan hátt ⁽¹⁵⁾ <i>(Matvæli)</i>	- 0813 10 00 - 2008 50 61		Úsbekistan (UZ)	Súlfít ⁽¹⁶⁾	50
- Kóríanderlauf - Basilíka (helgibasilíka) - Mínta - Steinselja <i>(Matvæli - ferskar eða kældar kryddjurtr)</i>	- úr 0709 99 90 - úr 1211 90 86 - úr 1211 90 86 - úr 0709 99 90	72 20 30 40	Víetnam (VN)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽²⁰⁾	50
Okra <i>(Matvæli - fersk, kæld eða fryst)</i>	úr 0709 99 90 úr 0710 80 95	20 30	Víetnam (VN)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽²⁰⁾	50
Paprikur (aðrar en sætar) <i>(Capsicum spp.)</i> <i>(Matvæli - fersk, kæld eða fryst)</i>	úr 0709 60 99; úr 0710 80 59	20 20	Víetnam (VN)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽²⁰⁾	50
Drekaávextir <i>(Matvæli - fersk eða kæld)</i>	úr 0810 90 20	10	Víetnam (VN)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾ ⁽²⁰⁾	10

⁽¹⁾ Ef einungis er farið fram á að tiltekna afurðir, sem falla undir SN-númer, séu skoðaðar og engin sérstök skipting samkvæmt þessu númeri er til er SN-númerið merkt með „úr“.

⁽²⁾ Leifar af a.m.k. þeim varnarefnum sem eru skráð í varnaráætlun sem var samþykkt í samræmi við 2. mgr. 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og föðri úr plöntu- og dýrarikinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1) sem unnt er að greina með aðferðum til að finna margs konar efnaleifar sem byggjast á gas- og massagreiningu og vökvaskiljun og massagreiningu (einungis varnarefni sem á að vakta í/á vörum úr jurtaikinunni).

⁽³⁾ Leifar af etefóni.

⁽⁴⁾ Leifar af amitrasi.

⁽⁵⁾ Leifar af tolfenpýraði.

⁽⁶⁾ Leifar af asefati, aldikarbi (summa aldikarbs, súlfoxíðs og súlfóns þess, gefið upp sem aldikarb), amitrasi (amitrasi, þ.m.t. umbrotsefni sem innihalda 2,4-dímetylanilínhlutann, gefið upp sem amitrasi), diafenbíuróni, díkófóli (summa p, p' - og o,p' -hverfna), díþíókarbötum (díþíókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t. maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram) og metíókarbi (summa metíókarbs og metíókarbsúlfoxíðs og -sulfóns, gefið upp sem metíókarb).

⁽⁷⁾ Leifar af díkófóli (summa p, p' - og o,p' -hverfna), dínotéfúrani, fólpeti, próklórasi (summa próklórasi og umbrotsefna þess sem innihalda 2,4,6-tríklórífenólhlutann, gefin upp sem próklórasi), þíofanatmetýli og tríforíni.

⁽⁸⁾ Að því er varðar þennan viðauka vísar „Súdan-litarefni“ til eftirfarandi iðefna: i. Súdan I (CAS-númer 842-07-9), ii. súdan II (CAS-númer 3118-97-6), iii. súdan III (CAS-númer 85-86-9) iv. skarlatrauður, eða súdan IV (85-83-6).

⁽⁹⁾ Leifar af diafenbíuróni.

⁽¹⁰⁾ Leifar af karbófúrani.

⁽¹¹⁾ Leifar af fenþóati.

⁽¹²⁾ Leifar af klórbúfami.

⁽¹³⁾ Tilvísunaraðferð EN/ISO 6579-1 eða aðferð sem er fullgilt með samanburði við hana í samræmi við nýjstu útgáfu EN/ISO 16140 eða aðrar svipaðar alþjóðlega viðurkenndar aðferðalýsingar.

⁽¹⁴⁾ Leifar af formetanati (summa formetanats og salta þess, gefin upp sem formetanat (hýdróklóríð)), própíófosi og tríforíni.

⁽¹⁵⁾ Lögbært yfirvald á ákvörðunarstað, sem gefinn er upp í samræmda innflutningskjalinu, getur annast sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi, ef við á, á athafnasvæði stjórnanda föður- eða matvælafyrirtækis í samræmi við 2. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar.

⁽¹⁶⁾ Tilvísunaraðferðir: EN 1988-1:1998, EN 1988-2:1998 eða ISO 5522:1981.

⁽¹⁷⁾ Leifar af próklórasi.

⁽¹⁸⁾ Leifar af diafenbíuróni, formetanati (summa formetanats og salta þess, gefin upp sem formetanat (hýdróklóríð)) og þíofanatmetýli.

⁽¹⁹⁾ Leifar af díþíókarbötum, (díþíókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t. maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram) og metrafenóni.

⁽²⁰⁾ Leifar af díþíókarbötum, (díþíókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t. maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram), fenþóati og kínalíosi.“

II. VIÐAUKI

Í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 885/2014 falli eftirfarandi færsla varðandi okru frá Indlandi brott:

Fóður og matvæli (fyrirhuguð notkun)	SN-númer ⁽¹⁾	TARIC- undirskipting	Upprunaland	Hætta eða hættur	Tíðni eftirlits með ástandi og sannprófunar auðkenna (%) við innflutning
Okra (<i>Matvæli – fersk og fryst</i>)	úr 0709 99 90	20	Indland (IN)	Varnarefnaleifar, greindar með aðferðum til að finna margs konar efnaleifar á grunni gas- og massagreiningar og vökvaskiljunar og massagreiningar eða með aðferðum til að greina hverja efnaleif fyrir sig ⁽²⁾	20

⁽¹⁾ Ef einungis er farið fram á að tiltekna afurðir, sem falla undir SN-númer, séu skoðaðar og engin sérstök skipting samkvæmt þessu númeri er til í vöruflokkunarkerfinu er SN-númerið merkt með „úr“.

⁽²⁾ Vottun upprunlands og eftirlit aðildarríkjanna við innflutning til að tryggja að farið sé að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og föðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1), einkum varðandi leifar af: aseptati, metamidófosi, triasófosi, endósúlfani, monókrótófosi, metómýli, þíódíkarbi, diafenþíúróni, þíametoxami, fíprónili, oxamýli, asetamipríði, indoxakarbi, mandíprópamíði.

B-deild – Útgáfud.: 7. september 2018